

Alþingi
Erindi nr. P 140/929
komudagur 1.1.2012



Umsögn frá stjórn Stefnis, félags ungra sjálfstæðismanna í Hafnarfirði

26. janúar, 2012

Tillaga til þingsályktunar um afturköllun ákæru á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra.

403. mál

Stjórn Stefnis, félags ungra sjálfstæðismanna í Hafnarfirði krefst þess að fallið verði frá ákæru á hendur Geir H. Haarde fyrir landsdómi vegna afglapa í starfi og styður þingsályktunartillögu Bjarna Benediktssonar þess efnis. Þessi réttarhöld eru pólitísk í eðli sínu og er þeim beitt gegn ákveðinni hugmyndafræði og það sem verra er, ákveðnum einstaklingum. Vinnubrögð núverandi stjórnvalda gefa til kynna pólitískt eðli ákærunar, en ljóst er að þingflokkur Samfylkingarinnar ákvað að varpa ábyrgð sinni á herðar eins manns og þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs er í vígahug gegn frjálsu samfélagi. Þegar litið er til atkvæðagreiðslu Alþingis um málið má sjá pólitíksan ásetning stjórnarliða og stjórnarandstæðinga í málinu, en hugmyndafræði og óvild milli einstaklinga má aldrei ráða för þegar ákveða á hvort ákæra eigi einstakling eður ei..

Öllum ætti að vera ljóst að ákvæði um landsdóm í stjórnarskrá Íslands er löngu úrelt og gengur gegn þrískiptingu ríkisvaldsins sem lýðræðislönd byggja stjórnkerfi sitt á. Í landsdómsmálinu var löggjafar- og ákærvald samtímis í höndum þingmannasem er afar óeðlilegt. Þetta fyrirkomulag á ekki að þekkjast í samfélagri sem er byggt á stoðum frjálslynds réttarkerfis.

Ef Alþingi ætlar að breyta starfsháttum sínum og eðli eftir áratuga þróunn spillingar og hagsmunakerfa innan íslenska stjórnkerfisins þá fæst sú breyting ekki fram með því að ákæra einn einstakling, eða marga, og gera hann ábyrgan fyrir hruni kerfis sem var byggt á sandstólpum. Lausnin gegn spillingu og hagsmunapotí innan hins opinbera felst í því að færa ábyrgðina og frelsið aftur til einstaklinga og veita þeim meiri sjálfsákvörðunarrétt, sem hægt og bítandi hefur verið tekinn frá einstaklingum allt frá því að sterkt ríkisvald þróaðist á Íslandi. Í ljósi alls ofangreinds, er það mat Stefnis, f.u.s., að Alþingi eigi að falla frá ákæru á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra.